



Áfangalýsing ML

Titill:	Franska C
Námsgrein:	franska
Viðfangsefni:	Venjur og umhverfi
Skammstöfun:	FRAN1FC05
Prep:	2
Einingafjöldi:	5
Lýsing:	<p>Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér. Áfram er lögð áhersla á að efla menningarvitund nemenda og staðháttum og siðum frönskumælandi landa er fléttað inn í kennsluna og áhersla lögð á viðeigandi samskiptavenjur. Nemendur eru áfram þjálfaðir í færniþáttunum tali, hlustun og ritun og jafnframt eru gerðar meiri kröfur um að þeir tileinki sér fjölbreyttan orðaforða með lestri lengri texta. Ný málfræðiatríði eru tekin fyrir.</p> <p>Gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð nemanda og árangursríka námstækni.</p>
Forkröfur:	FRAN1FB05
Þekkingarviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none">• mannlífi, menningu og siðum í frönskumælandi löndum• samskiptavenjum og mismunandi notkun málsins eftir aðstæðum• þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná hæfnimarkmiðum áfangans• grundvallarþáttum franska málkerfisins• formgerð og uppbyggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli• þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að ná hæfnimarkmiðum áfangans
Leikniviðmið:	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none">• fylgja aðalatriðum í samtali tveggja eða fleiri þegar rætt er um almennt efni og talað er skýrt og áheyrilega• fylgjast með frásögnum um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega• fylgja söguþræði í einföldum/einfölduðum skáldsögum• greina aðalatriði í blaðagreinum og textum um almennt og sérhæfðara efni sem tengist áhugasviði hans• afla sér upplýsinga, t.d. með skimun lengri texta og lestri bæklinga, bréfa, dagblaða, upplýsinga á netinu o.fl.• segja frá og ræða við aðra á skýran hátt um liðna atburði, reynslu og áform• halda stutta kynningu á fyrirfram undirbúnu efni



	<ul style="list-style-type: none">• skrifa stöðluð bréf, samfelldan texta um ýmis efni s.s. endurminningar eða framtíðaráform
Hæfniviðmið:	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none">• hlusta á og fara eftir leiðbeiningum, skilaboðum og tilkynningum sem tengjast daglegum athöfnum og bregðast rétt við• leysa úr viðfangsefnum einn eða í samstarfi við aðra• fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum um kunnuglegt efni úr fjöl- og myndmiðlum• tileinka sér aðalatriðin í fjölbreyttum textum og geta dregið ályktanir af því sem hann les• takast á við tiltekna aðstæður í samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum og halda samtalinu gangandi• miðla á einfaldan hátt eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu, vonum og væntingum• útskýra ákvarðanir og fyrirætlanir og rökstyðja mál sitt á einfaldan hátt• skrifa samfelldan texta um tiltekið efni og beita viðeigandi málfari• hagnýta þann orðaforða sem áfanginn byggir á í ræðu og riti• skipuleggja nám í áfanganum og námsaðferðir við hæfi• meta eigið vinnuframlag og framfarir í málinu• sýna aga, metnað, sjálfstæð vinnubrögð, jákvæðni og trú á eigin getu
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.